



Svanhildur Óskarsdóttir

Einn vinur minn úr menntaskóla stundaði framhaldsnám í læknisfræði í Bandaríkjunum. Þar tók hann meðal annars þátt í rannsóknarverkefni nokkurra læknanema sem þótti svo fram-bærilegt að þeim var boðið að kynna það á stórra læknaráðstefnu. Nú þurfti að tilnefna fulltrúa hópsins: einn nem-anna varð að taka að sér að standa á sviðinu í hinni risastóru ráðstefnuhöll og koma niðurstöðum rannsóknarinnar á framfæri - ekki öfundsvert hlutskipti. Þau tóku þann kost að varpa hlutkesti og kom hlutur Íslendingsins upp. Þegar á hólminn var komið gekk þessi vinur minn ótrauður inn á sviðið, talaði fumlaust til ráðstefnugesta og kom öllu til skila eins og best varð á kosið. Skólasystkini hans voru að vonum full

aðdáunar og eithvert þeirra spurði: „Það var eins og þú værir þaulvanur ... hefurðu talað oft á svona ráðstefnum?“ „Nei,“ var svarið, „en ég var einu sinni tenór í Hamrahliðarkórnum.“

Ég hef heyrt margar svipaðar sögur frá gömlum kórfélögum mínum, sögur sem sanna hversu ómetanlegt það er að fá þjálfun í túlkandi listum hjá góðum listamanni og reyndum kennara. Því þar er ekki eingöngu um að ræða menntun í listinni sjálfri, í þessu tilviki sönglist, - það hangir fleira á spýtunni og margt af því nýtist nemendum löngru eftir að þeir eru kannski hættir að syngja og orðnar kennarar, flugmenn, hjúkrunarfræðingar, leiðsögumenn, arkitektar eða framkvæmdastjórar. Eins og þeir vita sem reynt

## Veganesti út í lífið

**Upplestur og aðrar sviðslistir  
heima og heiman**

hafa lærist nefnilega svo ótalmargt á því að koma aftur og aftur fram fyrir áheyrendur. Til dæmis: Að undirbúa sig (agi við æfingar, alúð við samsetningu efnisskrár - hún er þaulskipulögð en þó sveigjanleg svo að bregðast megi við aðstæðum; að ógleymdu straujuðum skyrtum og burstuðum skóm). Að ganga inn á sviðið („með andann á undan ykkur,“ sagði Þorgerður kórstjóri gjarnan, engar hendur í vösum, brosa!). Að halda athygli áheyrenda (fullkomin einbeiting, einlægni í flutningi samfara útgeislun á sviðinu). Að enda með bravúr (hvað sem á hefur gengið - og bregðast svo fallega við þakklæti áheyrenda). Að nýta reynsluna áfram (fara yfir tónleikana eftir á og staldra bæði við það sem gekk vel og hitt sem ekki fór alveg eins og gert hafði verið ráð fyrir). Allt eru þetta mikilvæg atriði sem lærast smám saman með þjálfun og aga og sem yfirfæra má á flest ef ekki öll verkefni þar sem mannleg samskipti koma við sögu. En lykilordið er virðing: Virðing fyrir verkefni, virðing fyrir áheyrendum og virðing fyrir sjálfum sér.

Þetta þrískipta lykilatriði er haft að leiðarljósi í Stóru upplestrarkeppninni í 7. bekk (SU) - miklu ævintýri sem ég hef verið svo lánsöm að fá að taka þátt í. Lesendur Skólavörðunnar kannast vonandi flestir við keppnina af eigin raun en hún hefur líka verið kynnt rækilega hér í blaðinu (sjá t.d. 3. tbl. 2004). Stóra upplestrarkeppnin skiptist í tvennt, ræktunarhluta og keppnislhuta. Á ræktunarskeiði fer fram þjálfun í listinni sjálfri, upplestrinum, undir leið-



Sigurvegarar og aðrir  
þátttakendur í Stóru  
upplestrarkeppninni 2005.

sögn kennara og - gjarnan - foreldra eða annarra aðstandenda. Keppnishlutinn lýtur svo að því að leyfa þeim hæfileikum sem ræktaðir hafa verið að blómstra.

Í SU er lögð áhersla á að upplestur sé listgrein. Því viðhorfi fylgir að enginn verður meistari í henni nema að æfa sig og undirbúa flutninginn vel - boðorð keppninnar er að aldrei skuli lesið upp án undirbúnings. Á hinn bóginn er litið svo á að allir geti lesið ef þeir fá að æfa sig. Með þessu lærir hinum ungu lesurum að bera virðingu fyrir verkefninu og þeir fara smátt og smátt að skilja í hverju góður lestar er fölginn. Hann felst ekki í því að lesa hratt, ekki heldur í því að vera með fettur og brettur, hann snýst ekki fyrst og fremst um lesarann sjálfan heldur um textann sem á að flytja. Það er textinn og eigindir hans sem segja fyrir um flutninginn - og kjarni listarinnar liggr í því að fá textann til að lifna við. Til þess að svo megi verða þarf tækni lesarans auðvitað að vera í lagi. Hann þarf að hafa skýran og eðlilegan framburð og nægilegan raddstyrk til þess að mál hans heyrist; raddbeitingin byggist svo aftur á réttri öndun og góðri líkamsstöðu. Þegar búið er að sjá fyrir þessum hlutum kemur túlkunin til og þar skiptir tvennt mestu: skilningur á textanum (lestur verður aldrei sannfærandi ef lesari er ekki viss um hvaða skilning á að leggja í orðin) og blaðbrigði í lestri sem endurspeglar þennan skilning. Það mætti reyndar bæta þriðja atriðinu við: einlægni. Einlægni í túlkun ræður einatt úrslitum um það hvort textinn nær til áheyrenda.

Alla þessa þætti þarf að leggja rækt við í undirbúningsnum, á ræktunarskeiði upplestrarkeppninnar. Þegar kemur að keppnishlutanum bætast við ný atriði sem huga þarf að og þau snúa ekki bara að lesurunum. Í SU hefur frá upphafi verið lögð áhersla á að lokakeppnin í hverju héraði væri jafnframt hátið; hún er listviðburður. Í samræmi við það er lokahátiðinni valinn staður í fallegum sal sem gjarnan er skreyttur, t.d. með blómum, send eru út boðskort og kappkostað að skapa hátið-

## Vera má að nautnin af því að hlusta á fallegan flutning móðurmálsins sé að týnast. Þess vegna er mikilvægt að hlúa að börnunum í þessu tilliti; lítil börn njóta þess að lesið sé fyrir þau en börn eiga líka að fá að njóta þess eftir að þau stækka og eru sjálf orðin læs.

lega umgjörð um upplesturinn. Lesararnir æfa sig í að ganga inn á svíð og út af því aftur, standa rétt við púlt og/eða hljóðnema, kynna sig og koma á augnsambandi við áheyrendur. Og þeir þurfa að takast á við taugaóstyrk, raddsveiflur og skjálfandi hné. Á áheyrendum hvílir aftur á móti sú skylda að sýna þessum listamönnum virðingu með því að hafa hljótt og hlusta af athygli. Í áheyrendahópnum eru yfirleitt margir krakkar á sama aldri og lesararnir. Þessir krakkar hafa tekið þátt í keppninni en ekki náð að komast í hóp lesara á lokahátið. Þau hafa samt uppskoríð ríkulega því þau hafa líka æft lestar, hugsað um túlkun og síðast en ekki síst heyrت mismunandi lestar. Þau skilja nú betur í hverju góður upplestur felst og þau hafa forsendur til þess að móta sér sinn eigin smekk í þeim efnum. Þau geta því gert upp á milli lesaranna á lokahátiðinni fyrir sinn hatt. Þau eru orðin kunnáttufolk um upplestur og virkir hlustendur. Þetta skiptir miklu máli að mínum dómi. Það er margt í samfélagi okkar og menningu sem þrengir að þeirri kúnst að kunna að hlusta. Mörg erum við umkringd stöðugum hávaða, tónlist, talmáli - því sem stundum er nefnt síbylja. Ekki er ætlast til að fólk bregðist við slíku áreiti með hlustun, hljóðin eru miklu fremur eins konar veggfóður í eyrun. En þau tvístra athyglinni. Ég hef reynt það í framsagnarkennslu á háskólastigi hversu erfitt getur verið að fá fullorðið fólk til þess að slökkva á sínum, loka tölvum og beina allri athygli sinni að því að hlusta á samnemanda sem er að æfa sig að lesa upp. Vera má að nautnin af því að hlusta á fallegan flutning móðurmálsins sé að týnast. Þess vegna er mikilvægt að hlúa

að börnunum í þessu tilliti; lítil börn njóta þess að lesið sé fyrir þau en börn eiga líka að fá að njóta þess eftir að þau stækka og eru sjálf orðin læs. Og það á að leiðbeina þeim í upplestri svo þau læri að njóta þess að lesa fyrir aðra. Þarna hafa kennrar, foreldrar og aðrir máttarstólpur SU þakklátt verk að vinna.

Þær eru orðnar margar sigursögurnar úr Stóru upplestrarkeppninni; mér verður ekki síst hugsað til barna sem komu í keppnina eftir að hafa glímt alla sína skólatíð við lestrarörðugleika eða þrúgandi feimni en undirbjuggu sig af svo mikilli aluð að frammiða þeirra fleytti þeim í verðlaunasaeti. Slíkur sigur hefur afgerandi þýðingu fyrir sjálfstraust barnanna. Það hefur líka verið gleðilegt að fylgjast með því að talsvert er um það að verðlaunahafar úr SU séu fengnr til að lesa upp á samkomum og skemmtunum í sínum sveitarfélögum og vonandi hefur keppnin orðið til þess að meira er lesið upp á heimilum. Stóru upplestrarkeppninni var hrundið af stað veturninn 1996-97 og fyrstu árgangar þátttakenda eru því væntanlega komnir út í atvinnulífið eða í háskolanám. Það mætti segja mér að víðs vegar um þjóðfélagið færur nú að heyrast orðaskipti í þessum dúr: „Hvað! Þú hafðir bara ekkert fyrir því að taka á móti þessum erlendu þinggestum - eru vön að halda ræður eða hvað?“ „Nei, en ég tók einu sinni þátt í Stóru upplestrarkeppninni...“

**Svanhildur Óskarsdóttir**  
Höfundur er fræðimaður á Stofnun Árna Magnússonar og situr í stjórn Radda - samtaka um vandaðan upplestur og framsögn.